

Nd.

516. Lög

um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

1. gr.

Í stað orðanna „og er þá félagið löglega stofnað“ í lok 2. gr. komi: og skal leita staðfestingar atvinnuáráðuneytisins á þeim.

2. gr.

3. gr. B. orðist þannig:

Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

3. gr.

3. gr. C. orðist þannig:

Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánunum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

4. gr.

Orðin „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu“ í 6. gr. A. falli burt.

Í þess stað komi: og rúmtak hvernar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum.

5. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánunum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur að viðbættri ríkisábyrgð nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.